

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti


Sent í Samráðsgátt
Reykjavík, 9. mars 2022


Efni: Breyting á lögum um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, mál nr. 42/2022

Vísað er til tilkynningar í Samráðsgátt, dags. 23. febrúar sl., þar sem ofangreint mál var birt til umsagnar. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi styrkja til niðurgreiðslu kostnaðar við hitunar íbúðarhúsnæðis á svæðum þar sem íbúar eiga ekki kost á fullri hitun með jarðvarma. Lagt er til að styrkur til niðurgreiðslu kostnaðar við hitunar íbúðarhúsnæðis nemi helmingi af kostnaði við kaup á búnaði til umhverfisvænnar orkuöflunar, svo sem varmadælu, og að endurgreiðslur notenda verði ekki skertar. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins og styðja framgang þess.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands


Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri.


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir, lögfr.